

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973,
með síðari breytingum.**

1. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 35,40 á hemil á mánuði.
Vatnsgjald er kr. 63,70 fyrir hvern lítra á mínútu á mánuði.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 3/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 169.

18. mars 1981.

AUGLÝSING

**um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember 1970,
með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fastagjald á mánuði verði kr. 17,15 fyrir hvern aðalhemil.
2. Vatnsgjald verði kr. 48,40 fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 3/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 170.

18. mars 1981.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977,
með síðari breytingum.**

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

A og B liðir orðist svo:

- A. Samkvæmt magnhemli kr. 197,30 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- B. Samkvæmt vatnsmæli kr. 9,80 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húsihtunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Breytingar á 7. gr. gjaldskrárinnar:

Jöfnur sem gilda um útreikning á heimæðagjaldi í 7. gr. a. og b. lið verði sem hér segir:

$$a) H = 7\,047,00 + 7,70 \times V$$

$$b) H = 10\,570,00 + 11,50 \times V$$

C-liður 7. gr. orðist svo:

C. Af húseignum, þar sem byggð er dreifð eða fjarlægð mikil frá vatnsæðum hitaveitunnar, þannig að ekki næst tilskilin arðsemi af fjárfestingu hitaveitunnar í stofnkostnaði lagna, vegna viðkomandi húseignar, þegar heimæðargjald er reiknað samkvæmt A- eða B-lið (eftir því sem við á), skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu, nema annað sé ákveðið:

$$H \cong S \div \frac{T}{0,14}$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind, S stofnkostnað lagna í krónum að viðkomandi húseign, en ef þær nýtast fyrir fleiri húseignir skal áætla hlutdeild viðkomandi húseignar í þeim. T áætlaðar árstekjur Hitaveitunnar af vatnssölu til viðkomandi húseignar í krónum (húshitunarkostnað með hitaveitu). Þetta heimæðargjald er við það miðað að árstekjur Hitaveitunnar af áætlaðri vatnssölu til viðkomandi húseignar standi hið minnsta undir 14% ársvöxtum af stofnkostnaði lagna, vegna viðkomandi húseignar, að frádregnu heimæðargjaldi, og er þá ekki reiknað með kostnaði við vatnsöflun né afskriftum af stofnkostnaði viðkomandi lagna. Heimtaugargjaldið skal þó aldrei vera lægra en samkvæmt a- eða b-lið eftir því sem við á.

Nú er um að ræða fleiri húseignir á tilteknu svæði, og er þá heimilt að jafna samanlögðum heimæðagjöldum, reiknuðum samkvæmt ofanefndri jöfnu, á viðkomandi húseignir innan svæðisins og skal heimæðargjald þá reiknað samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = \frac{H_n}{7\,047,00 \times n + 7,70 \times V_n} \times (7\,047,00 + 7,70 \times V)$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind, H_n samanlögð heimæðagjöld allra húseigna á hinu tiltekna svæði reiknuðum samkvæmt fyrri jöfnu um tilskylda arðsemi, n fjölda heimæða eða hemlagrinda, V_n samanlagt rúmmál (utanmál) allra húseigna í rúmmetrum á hinu tiltekna svæði og V rúmmál (utanmál) einstakra húseigna í rúmmetrum reiknað fyrir hverja heimæð eða hemlagrind.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrsta málsgrein orðist svo:

Hitaveitugjöld skv. gjaldskránni eru miðuð við visitölu byggingarkostnaðar 588 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981 með tilvísun til auglýsingar

nr. 3/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Efnisbreyting 7. gr. c-liðs öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur nr. 259 16. júní 1977,
með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald kr. 23,05 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald kr. 52,56 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra í hámarksstillingu hemils.
- c. Vatnsgjald kr. 3,30 pr. m³.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 54,70 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 2. janúar 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 3/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 231 26. maí 1977,
með síðari breytingum.**

5. gr. hljóði þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 648,20 á ári fyrir hvert hús.
- b) Vatnsgjald kr. 2,75 á ári pr. m³. Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og véla-